



## VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐ

### Minnisblað um samfélagslegar áskoranir

Lagt fyrir Vísinda- og tækniráð 23.11.2018

Vísinda- og tækninefndir Vísinda- og tækniráðs hafa í samráði við almenning, fulltrúa stjórnmalaflokka á Alþingi, vísindasamfélagið og atvinnulífið greint brýnustu áskoranirnar sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir á næstu áratugum. Boðið var uppá samráð m.a. með opinni netkönnun, könnunum sem notast við eigindlegar og megindlegar aðferðir við upplýsingaöflun frá almenningi, opnum fundi og fleiri aðgerðum.

Það er skoðun nefndanna að til þess að mæta þeim brýnu samfélagslegu áskorunum sem hér er bent á sé nauðsynlegt að leiða saman þekkingu og styrkleika mismunandi fagsviða, tækni og fræðigreina, þ.m.t. félags- og hugvísinda og taka til alls nýsköpunarferlisins frá rannsóknum að hagnýtingu. Markmið vinnunnar er að auka skilning á íslensku samfélagi og umhverfi, finna lausnir og styðja við fjölbreytt og nýsköpunarmiðað samfélag á tímum örra breytinga.

Nefndirnar telja að örrar tæknibreytingar, breytingar á samsetningu þjóðarinnar og menntun séu grundvallarþættir í öllum þeim samfélagslegu áskorunum, sem hér eru skilgreindar.

Tillaga nefndanna er að helstu áskoranir 2018-2021 verði

a) Umhverfismál og sjálfbærni

Stuðla að því að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og markmiðum Parísarsamkomulagsins verði náð, auka skilning á og leysa helstu umhverfissvá sem Ísland stendur frammi fyrir, stuðla að notkun nýrrar tækni og nýsköpunar í sjálfbærri nýtingu auðlinda og fæðuframleiðslu.

Hér undir falla m.a. loftslagsmál, verndun lands og sjávar, mengun, sjálfbær orka og samgöngur, fæðuöryggi, náttúruvá, traust miðlun þekkingar um umhverfismál til almennings, og áhrif umhverfisbreytinga á fólk og samfélag.

b) Heilsa og velferð

Viðhalda heilbrigði, greina og meðhöndla sjúkdóma, fylgjast með breytingum á lýðheilsu og fyrirbyggja sjúkdóma. Þá þarf að rannsaka hvernig unnt sé að gera fólki kleift að lifa sem best, sem lengst, þannig að stuðlað sé að heilbrigðri öldrun og velferð fólks á öllum æviskeiðum á tímum örra breytinga.

Hér undir falla m.a. breytt aldurssamsetning þjóðarinnar, aðgengi að heilbrigðisþjónustu, forvarnir og fyrirbyggjandi aðgerðir, geðheilbrigði, líðan, nýting heilbrigðistækni og

gagnagrunna, lífsstíllssjúkdómar og jafnvægi vinnu og einkalífs. Þá fellur hér undir hvernig hægt er að miðla áreiðanlegri vísindalegri þekkingu um heilbrigði til almennings.

c) Líf og störf í heimi breytinga

Auka þarf skilning á þeim áhrifum sem miklar og örar breytingar hafa á samfélagið, vinnumarkað og líf fólks. Þær breytingar sem hér um ræðir eru m.a. tækniframfarir, lýðfræðilegar breytingar, fólksflutningar, breytt samskipti og breytingar á atvinnulífi.

Hér undir falla m.a. hagnýting hugvits, tækni og nýsköpunar til að bregðast við breytingum; mannaflapörf, fjölbreytni samfélagsins, jafnrétti, traust í samfélaginu og menntun á öllum skólastigum. Þá fellur hér undir hvernig unnt sé að miðla vísindalegri þekkingu og nýsköpun til að takast á við ofangreindar áskoranir.